



Til:  
Efni:  
Upplýsingar:

hildurv@umhverfisstofnun.is  
Re: Fw: Beiðni um umsögn vegna lagningar göngu- og hjólastígs  
Sent: 25-06-2019 11:53:05 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019060013, Bréfalyklar: 42-0  
almennt

---

Tilvísun í mál: 2019060013

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Umhverfisstofnun, dags. 18. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Skútustaðahrepps um leyfi til framkvæmda við göngu- og hjólastíg frá þéttbýli í Reykjahlíð og suður fyrir afleggjara að Dimmuborgum.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögn málsins og af myndum að dæma og við skoðun á svæðinu á loftmyndum er ekki að sjá annað en að framkvæmdir við göngu- og hjólastíg séu að mestu leiti á svæði sem er nú þegar raskað. Að mati stofnunarinnar á því að vera hægt að framkvæma fyrirhugaða „viðbót“ við þjóðveginn án þess að fara mikið inn á ný svæði en þar sem það verður gert er þó um bein tengsl og viðbót við núverandi vegakerfi að ræða.

Náttúrufræðistofnun telur að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa neikvæði áhrif á verndargildi Mývatns en getur jafnvel bætt það þar sem gera má ráð fyrir að bílaumferð minnki eitthvað við lagningu göngu- og hjólastígs. Þar sem fyrirhugaður stígur er á viðkvæmu svæði og mjög nálægt Mývatni telur Náttúrufræðistofnun að mestu skipti að rétt sé staðið að framkvæmdum og að til verksins séu fenginn aðili sem hægt er að treysta fyrir góðri umgengni og að séð til þess að engu landi sé raskað að óparfa. Jafnframt þarf að vera virkt eftirlit með fyrirhuguðum framkvæmdum og gera ráðstafanir vegna hugsanlegra mengunarslysa, t.d. frá vinnuvélum.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is



Frá: Trausti Baldursson/NI.IS

From: Hildur Vésteinsdóttir <hildurv@umhverfisstofnun.is>  
To: Trausti Baldursson <trausti@ni.is>  
Date: 18.06.2019 17:30  
Subject: Beiðni um umsögn vegna lagningar göngu- og hjólastígs

---

Sæll Trausti.

Meðfylgjandi er umsókn Skútustaðahrepps um leyfi til framkvæmda við göngu- og hjólastíg frá þéttbýli í Reykjahlíð og suður fyrir afleggjara að Dimmuborgum ásamt öllum fylgigögnum sem fylgdu umsókninni. Umhverfisstofnun óskar hér með eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsóknina. Umsagnarinnar er óskað á grundvelli 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012. Þess er óskað að umsögnin berist eigi síðar en 26. júní n.k.

Gott væri að fá staðfestingu á því að þessi póstur sé móttækinn.

kveðja, Hildur